

Fundargerð 61. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 18. ágúst 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Sólrún Anna Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

Dagskrá fundar

1) Staða samninga í almennri úthlutun 2014 og sérstakri úthlutun ráðherra 2014.

14-020	Minjastofnun Íslands	Stöng í Þjórsárdal, verndun og uppbygging	10.000.000
14-116	Minjastofnun Íslands	Stöng í Þjórsárdal, verndun og uppbygging á stígum	5.000.000

Minjastofnun sér fram á breytingar á verkum 14-020 og 14-116 og mun Kristín Huld hafa samband vegna þess fljótlega.

Björn mun hafa samband vegna styrkþega eftirfarandi verkefna þar sem undirritaður samningur hefur ekki borist:

Almenn úthlutun			
14-001	Akureyrarstofa (María H. Tryggvadóttir)	Kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey	3.200.000
14-019	Lionsklúbbur Laugardals (Andri Páll Hilmarsson)	Göngustígur í Laugardal	700.000
14-026	Reykjavíkurborg	Fræðslu - og dvalarsvæði í Viðey	5.000.000
14-028	Skaftárheppur	Áningarstaður í Eldhrauni	10.000.000
14-033	Sveitarfélagið Hornafjörður	Jöklaleiðin – Gönguleið milli Skálafells og Göngubrúar yfir Hólmsá	3.100.000
14-047	Vestmannaeyjabær	Blátindur-sýningarsvæði vélbátasögu Vestmannaeyja	3.000.000
Aukafjárveiting			
14-122	Rangárþing eystra	Völvuskógr - Viðhald göngustíga	500.000
14-130	Skaftárheppur	Fjaðrárgljúfur - öryggispallar, viðhald stíga, náttúruvernd og öryggis	2.000.000
14-188	Þórmörk	Viðhald gönguleiða	15.349.159

Björn mun einnig fara yfir áætlanir frá umhverfisstofnun og gera athugasemdir þar sem við á.

2) Suðurlandsferð ráðherra frá Þingvöllum til Sólheimajökuls 7.ágúst s.l.

Albína sagði frá ferðinni. Áberandi var hversu stutt á veg framkvæmdir væru komnar þrátt fyrir úthlutun fjármuna. Rætt var um Sólheimajökul, Hrunalaug, Seljalandsfoss, Þingvelli og Skógafoss. Rætt var hvort skortur á verktökum gæti haft eitthvað að segja um framgang verkefna.

3) Staða verkefna fyrri úthlutana árin 2012 (1 úthlutun) og 2013 (3 úthlutanir).

Frá 2012 eru aðeins 2 verkefni ókláruð:

12-002	Breiðalshreppur	Aðgengi að Flögufoss i Breiðdal	1.500.000
12-004	Fjarðabyggð	Skipulag og hönnun áningastaðar við Sönu Stöðvarfirði	1.000.000

Lokaskýrla Mýrdalshrepps vegna Dyrhólaeyjar er í vinnslu.

Deiliskipulag við Sönu tafðist vegna nýrra áhersla frá Vegagerðinni en mun klárast í vetrur. Björn mun hafa samband vegna Flögufoss.

Staða verkefna 2013:

Fyrsta úthlutun: 17 af 44 lokið.

Þriðja úthlutun: 31 af 75 lokið

Umræða varð um hvernig mætti hvetja umsækjendur til dáða og m.a. rætt um að í auglýsingum um næstu úthlutun kæmi fram að litið yrði til fyrri reynslu. Einnig var rætt um að eftirlitsaðili frá Ferðamálstofu gerði framvindu- og/eða lokaúttektir og ítrekað var það sem bókað var á 59. fundi stjórnar:

„Stjórn sjóðsins ræddi að vegna aukins álags sé nauðsynlegt að vinnuframlag Ferðamálstofu vegna verkefna sjóðsins verði aukið. Áherslu byrfti að leggja á að auka eftirlit, ásamt því að leggja meiri áherslu á faglegan stuðning og ráðgjöf um verklegar framkvæmdir, m.a. með því að Ferðamálstofa bæti sér fyrir námskeiðum um fagmennsku við framþróun ferðamannastaða. Þetta mætti t.d. vera í samvinnu við Endurmenntunarstofnun HÍ.“

Albína mun viðra þetta á fundi við ráðherra.

4) Ákvörðun um dagsetningu vegna auglýsingar um næstu úthlutun.

Úthlutun Framkvæmdasjóðsins 2015 verður auglýst í helgarblöðum 6.-7. september og lokaskil umsókna verður 14. október.

Rædd var sú hugmynd að leggja áherslu á áningastaði og þjónustuhús (salerni). Einnig kom fram að kanna ætti hjá ráðuneytinu hvort heimilt sé að lækka mótframlagi niður í t.d. 25%.

Verið er að skoða hvort hagkvæmt sé að taka á móti umsóknum í gegnum vef Ferðamálstofu og mun Björn vinna það í samráði við Halldór.

5) Önnur mál

Vettvangsferð stjórnar ákveðin 1. September. Þingvellir – Gullfoss – Hveravellir – Kerlingafjöll. Björn mun hafa samband við aðila á hverjum stað og sjá til þess að farskjóti og nesti verði til staðar.

Albína sagði frá viðkomustöðum í sumarfríi sínu og nefndi sérstaklega Grettisból og Fræðasetur um forystufé sem komið höfðu skemmtilega á óvart.

Björn óskaði eftir tillögum frá stjórn um áhugaverð verkefni sjóðsins sem birta ætti sem fréttir á vef Ferðamálstofu.

EKKI var ákveðin dagsetning fyrir næsta fund

Fundi slitið 10:17

Fundargerð rituðu Sólrún Ann Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

The image shows two handwritten signatures in blue ink. The top signature reads "Sólrún Ann Jónsdóttir" and the bottom one reads "Björn Jóhannsson". Both signatures are written in a cursive style.